



Læsisstefna Grænuborgar

Skynjun, skilningur, túlkun, gagnrýni, miðlun, leikni og þekking eru lykilþættir læsis.

Efnisyfirlit

Læsisstefna Grænuborgar	2
Að setja orð á hluti	3
Bókalestur.....	3
Orðaspjall	3
Lærum vísur og þulur	3
Bókasafnsferðir í Aðalborgarbókasafn	3
Sögubíllinn Æringi.....	3
Bókakoffortið.....	4
Æfa framsögn	4
Söngur	4
Tákn með tali notað með söng.....	4
Virk hlustun	4
Spjaldtölvukennsla	5
Ritmál sýnilegt.....	5
Grip á skriffærum æft.....	5
Myndsköpun.....	5
Verkefni fyrir elstu börn leikskólans.....	6
Myndrænt dagskipulag.....	6
Ferilmöppur	6
Áherslur fyrir tvítyngd börn.....	6
Snemmtæk íhlutun	6
Hljóm 2	6
Íslenski málhjóðamælirinn	7

Læsisstefna Grænuborgar

Samkvæmt skilgreiningu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2012) þá er læsi „þekking og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla texta í víðum skilningi til að mæta kröfum samfélagsins og einstaklingsins. Með texta er átt við ritmál, myndmál, talmál og önnur kerfi tákna“.

Læsi og þróun þess hefst í móðurkviði þar sem barnið heyrir hljóð og lærir að þekkja ákveðin hljóð eins og rödd móður sinnar og heldur barnið að þróa með sér læsi og þegar þau byrja á leikskóla öðlast þau mikilvægan grunnskilning á læsi sem eykst svo með aldrinum og gerir þeim kleift að lesa í umhverfi sitt, segja frá tilfinningum, skoðunum og upplifunum sínum. Í leikskólanum er lögð áhersla á að barnið efli ákveðinn grunn sem er mikilvægur fyrir lestrarnám síðar á skólagöngunni. „Bernskulæsi (e. emergent literacy) er aftur ákveðin færni, þekking og viðhorf sem þróast sem undanfari læsis. Hugmyndin felst í því að ung börn byggja upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfinu sínu og ekki síst í gegnum bókalestur og málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn“ (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2013).

Í Grænuborg er unnið eftir hugmyndafræði Howard Gardner sem gengur út frá því að það séu að minnsta kosti níu greindir og börn séu mis sterk í hverri greind. Lögð er áhersla á að kenna barninu í gegnum þá greind sem það er sterkast. Við leggjum áherslu á læsi í gegnum greindirnar og gerum það á eftirfarandi hátt.

Að setja orð á hluti

Mikilvægt er að setja orð á allt í umhverfi barna og á allar athafnir þeirra til þess að örva málþroska þeirra, auka orðaforða og efla tjáningu. Starfsfólk notar allar mögulegar aðstæður til þess að ræða það sem verið er að gera eins og „Nú erum við að fara í skó“, og „Nú erum við að þvo hendur, við skrúfum frá, fáum okkur sápu og nuddum höndunum saman....“.

Bókalestur

Þegar vinna á með málgreind er lögð rík áhersla á bókalestur, skoðun bóka og umræður um innihald bóka. Bækur eru lesnar á hverjum degi á öllum deildum. Á öllum deildum eru aðstæður til bókalesturs og börnin hafa frjálstan aðgang að bókum á deildunum. Í leikskólanum er bókasafn þar sem boðið er upp á fjölbreytt úrval bóka. Kennarar hafa frjálstan aðgang að safninu og skipta reglulega út bókum sem eru á deildum. Kennarar eru einnig mjög meðvitaðir um að bækurnar höfði til allra barna á deildinni. Þegar tekið er fyrir ákveðið efni sem vinna á með eins og t.d. ævintýri þá er unnið með efni bókarinnar út frá öllum greindum til þess að öll börn hafi tækifæri til þess að nálgast efnið í gegnum þá greind sem það er sterkast í. Hljóðbækur eru einnig notaðar í sama tilgangi.

Orðaspjall

Með orðaspjalli er hægt að auka orðaforða og hlustunarskilning barna. Orðaspjall gengur út á það að lesa bækur fyrir börnin og vinna með ákveðin orð og hugtök til þess að auka skilning og orðaforða. Þegar bók og orð hafa verið valin þá er lögð áhersla á að leggja þau inn í samskiptum við börnin. Þau eru sett í setningar í daglegu tali til þess að börnin læri orðin og átti sig á notkunargildi þeirra. Unnið er eftir bókinni Orðaspjall eftir Árdísi Hrönn Jónsdóttur.

Lærum vísur og þulur

Á hverri deild er lögð áhersla á að kenna börnum vísur og þulur. Með því eru börnin að læra ný orð ásamt því að auka skilning þeirra. Þegar verið er að kenna vísur og þulur eru þær ekki eingöngu lesnar upp eða sungnar heldur eru þær endurskapaðar í leik, þær eru endurskapaðar í listasmíðjunni og fleiri stöðvum sem stuðlar að því að verið sé að nálgast efniviðinn í gegnum þá greind sem þau eru sterkust í en gefur þeim einnig tækifæri að nálgast hann í gegnum fleiri greindir. Að leggja inn vísur og þulur á svona fjölbreyttum vettvangi eykur líkur á því að börnin öðlist bæði nýja þekkingu og aukin orðaforða. Hér er verið að leggja áherslu á málgreind, samskiptagreind og tónlistagreind.

Bókasafnsferðir í Aðalborgarbókasafn

Bókasafnið er alltaf opið fyrir leikskólabörn. Við förum þangað í kynnisferðir þar sem börnin kynnast bókasafninu og öllu sem boðið er upp á í bókasafninu. Við förum þangað í söguferðir þar sem lesin er fyrirfram ákveðin saga sem tengist kannski ákveðnu þema sem verið er að vinna með á leikskólanum. Einnig förum við á bókasafnið til þess að eiga notalega stund og skoða bækur og fáum þær jafnvel lánaðar. Með bókasafnsferðum er verið að vinna með líkams- og hreyfigreind, umhverfisgreind, sjálfsþekkingargreind, rýmisgreind, málgreind og samskiptagreind.

Sögubíllinn Æringi

Á vorönn stendur okkur til boða að fá sögubíllinn í heimsókn. Þá fer elsti árgangurinn í bíllinn og þar er þeim sögð saga. Bíllinn er skreyttur með ævintýrlegum myndum að utan og er hann einnig mjög

ævintýralega skreyttur að innan sem gefur sögunni meira líf og festast því frekar í minni og meiri líkur á því að það aukist skilningur. Þegar börnin fara í sögubílinn eru þau að vinna með málgreind, samskiptagreind og rýmisgreind.

Bókakoffortið

Í samstarfi við borgarbókasafn er boðið upp á fullt koffort a bókum í ákveðin tíma á öllum deildum. Börnum og foreldrum stendur til boða að fá lánaða bók úr koffortinu og taka með sér heim. Í bókakoffortinu eru bæði bækur á íslensku og einnig á öðrum tungumálum til að koma til móts við tvítýngd börn og foreldra. Bókakoffortið veitir foreldrum tækifæri til aukins bókalesturs með börnum sínum sem stuðlar að bættum málþroska og auknum orðaforða. Með koffortinu er verið að vinna með málgreind, samskiptagreind og rýmisgreind.

Æfa framsögn

Á elstu deildum er framsögn æfð. Þetta er gert í samveru yfir daginn, í hópastarfi og þemavinnu. Börnin semja leikrit og leika ákveðin hlutverk og eru þar af leiðandi að æfa framsögn. Lögð er áhersla á málgreind, sjálfsþekkingargreind og samskiptagreind og er framsögn einnig stór þáttur í því að þjálfa upp aukið sjálfstraust. Börnin eru æfð í framsögn og frásögn t.d. eftir helgar þegar þau standa upp og segja frá því sem þau gerðu um helgina eða frá einhverjum viðburði að eigin vali. Einnig er hefð fyrir því að börn fá það verkefni að standa upp í söngsal fyrir framan allan skólann og kynna næsta lag sem verður sungið. Með því að leggja áherslu á framsögn er verið að styðja við tjáningu og frásagnarfærni. Með þessu þjálfa þau færni í að segja sögu og að það sé upphaf og endir.

Söngur

Söngur er mjög mikilvægur þegar kemur að því að efla hljóðkerfisvitund barna. Með söng er hægt að auka orðaforða, skilning og jafnvel framburð. Í Grænuborg er lögð ríka áhersla á söng. Sungið er í samveru á morgnanna og seinnipart dags. Einnig koma allir saman í sal á föstudögum og þá er sungið saman. Einu sinni í viku fara öll börn í leikskólanum í fyrirfram ákveðna tónlistarstund. Kennarar skipuleggja stundirnar og fer það eftir því hvað er verið að leggja áherslu á, á hverri deild hvað er unnið með í stundunum. Hér er verið að auka orðaforða, kynnast tónlist af ýmsum toga, leika á hljóðfæri, tjá sig um tónlist, halda takti, hreyfa sig í takt, tjá tilfinningar í gegnum tónlist og margt fleira. Söngur eflir þar af leiðandi tónlistargreind, sjálfsþekkingargreind, samskiptagreind, málgreind og rýmisgreind.

Tákn með tali notað með söng

Tákn með tali er tjáningarform fyrir einstaklinga sem heyra en eiga jafnframt við mál- og talörðuleika að stríða. Tákn með tali er notað með töluðu máli og eru eingöngu notuð lykilorð hversar setningar fyrir sig. Tákn með tali örvar bæði málvitund og málskilning barna. Tákn með tali er notað í söngstundum með börnunum og læra þá öll börnin táknin með lögnum. Þetta auðveldar þeim meðal annars að ná tökum á þeim lögum sem verið að er að leggja fyrir hverju sinni. Í Grænuborg er umhverfi barnanna einnig merkt með táknum sem auðveldar þeim að koma orði/tákni á hlutina.

Virk hlustun

Virk hlustun (e. active listening) er hlustun með skilningi sem getur framkallað viðbrögð og gerir einstaklinginn að virkum þátttakanda (Jalongo, 2008, bls. 30). Þegar virkri hlustun er beitt er mikilvægt

að veita viðmælanda augnsamband , hlusta án þess að trufla og gefa til kynna að þú sért að skilja það sem viðmælandi er að segja og ef þú skilur ekki þá að spyrja hvað viðmælandi meini. Virk hlustun krefst þess ekki að þú sér sammála viðkomandi heldur að þú sért að hlusta og sýnir að þú skiljir. Virk hlustun er manneskjum ekki eingöngu mikilvæg til þess að geta verið í samskiptum við aðra heldur einnig til þess að geta tekið á móti upplýsingum, metið, miðlað og lært. Kennarar nota virka hlustun í samskiptum við börnin, sýna þeim að þau hafa alla þeirra athygli þegar samskiptin eiga sér stað, sem hvetur til þess að börnin sæki frekar í að eiga samskipti og deila líðan, óskum og draumum. Kennari miðlar mikilvægum upplýsingum til barnanna en það er jafnframt mikilvægt að hann liðsinni nemendum sínum þegar kemur að því að spyrja spurninga, og leita svara við þeim. Mikilvægt er að kenna þeim að spyrja spurninga sem skila þeim svörum sem þau leita eftir og hvetja þau til frekari spurninga og þekkingarleitar. Kennari er því ekki bara að þjálfra eyra nemandans heldur einnig tungu sem eflir vitund nemandans um tengingu milli stafa og hljóða sem getur eflt samskipta- og námsfærni nemendanna (Ritröð um grunnþætti menntunar, Læsi, 2012).

Spjaldtölvukennsla

Leikskólinn hefur spjaldtölvu á hverri deild þar sem boðið er upp á hin ýmsu verkefni sem ýta undir aukinn orðaforða, aukinn málþroska, fínhreyfiproska og vitsmunaproska. Hér erum við að vinna með málgreind, rök- og stærðfræðigreind, tónlistargreind, rýmisgreind og líkams- og hreyfigreind. Unnið er t.d. með forrit eins og „Leikum og lærum með hljóðin“ sem leggur ríka áherslu á að þjálfra málskilning, framburð hljóða og orðaforða. Einnig er unnið með íslenskt forrit eins og Froskaleikur - skólameistarinn sem leggur meðal annars áherslu á að efla hljóðkerfisvitund barna. Boðið er upp á fjöldan allan af forritum sem efla og styrkja málþroska.

Ritmál sýnilegt

Unnið er að því að gera ritmál sýnilegt á öllum deildum. Allur húsbúnaður verður merktur, myndir barnanna merktar, hólf barnanna merkt. Á veggjum sumra deildanna eru bókstafir á veggjum. Hillur, skúffur og flokkunarbox verða merkt. Með því að hafa ritmál sýnilegt er barnið að efla málgreind sína og með því að gefa orðum merkingu þá skilar það sér í aukinni þekkingu á ritmáli og notkun þess. Stefnt er að því að hafa sama lettrið í allar merkingar um skólann.

Grip á skriffærum æft

Börn ganga í gegnum ákveðin stig grips og er fylgst með því hvort þau nái ekki því stigi sem þeirra þroski og aldur er miðaður við. Lögð er áhersla á að haldið sé rétt á skriffærum miða við þroska hvers og eins. Allt fer þetta eftir því hversu sterk líkams- og hreyfigreind er hjá hverjum og einum og hvort þau þurfi auka hvatningu til þess að styrkja þá sem þurfa á því að halda.

Myndsköpun

Í gegnum rýmisgreind eru börnin að teikna, mála og skapa eins mikið og hugmyndaflugið leyfir. Í þemavinnu er verið að vinna t.d. með ævintýri sem er svo endurskapað í listasmíðjunni. Börnin eru að endurskapa eigin þekkingu og reynslu í listasmíðjunni. Þar eru þau að efla málgreind, samskiptagreind og rýmisgreind sem eykur tjáningu, skilning og orðaforða barnanna.

Verkefni fyrir elstu börn leikskólans

Eru verkefni sem börnin á elstu deild vinna. Verkefnunum er skipt upp í tvo yfirflokkar sem eru markviss málörvun sem leggur áherslu á að auka málskilning, orðaforða og framburð og er liður í að efla læsi. Síðari flokkurinn leggur áherslu á heimaþekkingu og stærðfræði. Þær greindir sem fléttast inn í eru málgreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind og tilvistargreind.

Myndrænt dagskipulag

Myndrænt dagskipulag er röð mynda með setningu eða orði við myndina sem er lýsandi fyrir hana og tengist við dagskipulag hvernar deildar. Á hverri deild er notað myndrænt dagskipulag. Þar sem dagskipulagið er breytilegt frá degi til dags þá er gott að börnin geti leitað í það til þess að sjá hvað sé næst á dagskrá. Þetta auðveldar þeim einnig það sem koma skal. Myndrænt skipulag gefur börnunum einnig hugmynd um hversu langur dagurinn sé. Myndrænt dagskipulag eflir læsi barna á umhverfi sitt, þau efla rýmisgreind, málgreind og samskiptagreind með því að lesa í myndirnar og tengja þær við aðstæður í umhverfinu.

Ferilmöppur

Á öllum deildum eru börnin með ferilmöppur þar sem safnað er saman bæði myndrænum og skriflegum skráningum um barnið og eftir barnið.

Áherslur fyrir tvítyngd börn

Tvítyngd börn eru börn sem búa við fleiri en eitt tungumál. Kennarar eru meðvitaðir um að efla tjáningu, skilning og orðaforða barnanna. Foreldrar eru hvattir til þess að tala sitt móðurmál við barnið, það stuðlar að því að máltaka íslenskunnar verður auðveldari. Þegar barnið hefur góðann grunn í eigin móðurmáli er auðveldara að byggja ofan á þann grunn. Notað er myndrænt dagskipulag til að auðvelda barninu að skilja hvað sé framundan. Orðalistar yfir þau orð sem barnið notar og kann yfir hluti og persónur í umhverfi þess. Orðabækur með myndum og texta á móðurmáli barns og íslensku af helstu hlutum og persónum í þeirra lífi. Orðabókin er aðgengileg fyrir barnið í leikskólanum til þess að skoða og spyrja út í og svo um helgar stendur barninu til boða að fara heim með bókina þar sem það getur skoðað bókina með foreldrum sínum.

Snemmtæk íhlutun

Kennarar eru vakandi fyrir frávikum í málþroska, orðaforða, tjáningu og skilningi. Ef grunur er um frávik er möguleiki á því að leggja fyrir ungbarnalistann (15-38 mánaða), íslenska þroskalistann (3-6 ára) eða EFI-2 (börn á fjórða ári) í samráði við foreldra. Farið er yfir stöðu barnsins í tjáningu, skilningi og boðskiptum og ef þurfa þykir er leitað eftir mati sérfræðings í samráði við foreldra.

Hljóm 2

Hljóm 2 er skimun þar sem skoðuð er hljóðkerfisvitund hjá 5 ára börnum. Hljóm 2 er byggt á niðurstöðum úr langtímarannsókn á tengslum hljóð- og málvitundar við lestrarfærni. Þessi skimun er lögð fyrir öll börn sem eru 5 ára í Grænuborg. Niðurstöður eru svo notaðar til þess að vinna að þeim þáttum sem hugsanlega þarf að styrkja.

Íslenski málhjóðamælirinn

Íslenski málhjóðamælirinn er skimunartæki sem skólinn notar til þess að skima framburð, hljóðkerfisþætti og skiljanleika tals hjá öllum aldurhópum. Niðurstöður eru svo notaðar til þess að vinna að þeim þáttum sem hugsanlega þarf að styrkja.

Helstu áherslur í málörvun, máltjáningu og málskilningi.	1-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Góðar málfyrirmyndir	X	X	X	X
Setja orð á hluti	X	X	X	X
Frjáls aðgangur að bókum	X	X	X	X
Bókasafnsferðir í Aðalborgarbókasafn		X	X	X
Sögubíllinn Æringi			X	X
Bókakoffortið. Samvinna heimilis, skóla og bókasafns	X	X	X	X
Bókalestur	X	X	X	X
Orðaspjall – rætt um flókin orð og hugtök bóka				X
Hljóðbækur	X	X	X	X
Lærum vísur og þulur	X	X	X	X
Æfa framsögn	X	X	X	X
Syngjum	X	X	X	X
Tákn með tali notað með söng	X	X	X	X
Virk hlustun	X	X	X	X
Orðaforða- og framburðarkennsla í spjaldtölvu			X	X
Hljóðvitund, hljóðgreining og hljóðtenging í spjaldtölvu			X	X
Frjáls aðgangur að ritföngum		X	X	X
Ritmál sýnilegt	Í vinnslu	Í vinnslu	Í vinnslu	Í vinnslu
Grip á skriffærum æft		X	X	X
Myndsköpun	X	X	X	X
Verkefni fyrir elstu börn leikskólans				X
Myndrænt dagskipulag	X	X	X	X
Ferilmöppur	X	X	X	X
Tvítyngd börn – orðalistar fyrir ný börn	X			
Tvítyngd börn – ráðgjöf um mikilvægi móðurmáls	X	X	X	X
Tvítyngd börn – orðabækur fyrir ný börn	X			
Tvítyngd börn – Boðið upp á túlkabjónustu	X	X	X	X
Snemmtæk íhlutun	X	X	X	X
Ungbarnalistinn (15-38 mánaða)	X	X		
Íslenski þroskalistinn (3-6 ára)		X	X	X
EFI-2		X		
Hljóm 2				X
Íslenski máhljóðamælir	X	X	X	X